



Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu

1.gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu á vegum Sveitarfélagsins Skagastrandar skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 126, grunnlaun samkvæmt samningum Starfsgreinasambandsins og launanefndar sveitarfélaga, að viðbættu orlofi 13,04% og launatengdum gjöldum 25%, samtals **3.711 kr.**

2.gr.

Varðandi afslátt á gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/ororkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka, þ.e. **399.034 kr.** (einstaklingur með heimilisuppbót, framfærsluviðmið)
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **598.551 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna undir 18 ára aldri.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50% hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns.
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50% hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75% hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei hærra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75% af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3 gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga meðlagsupphæð frá Tryggingastofnun ríkisins **kr. 42.634.-** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokkni heimilið lendir.

5 gr.


Uppgefnar fjárhæðir eru háðar launaþróun viðkomandi kjarasamnings og þróun lífeyris Tryggingastofnunar ríkisins og eru því birtar með fyrirvara um breytingar á forsendum. Gjaldskráin tekur breytingum samkvæmt tilgreindum forsendum 1. júní ár hvert.

Tekjumörk og gjaldflokkar

| Gjaldflokkur | Tekjumörk þjónustuþega sem búa einir: | Gjald |
|-----------------------------|---------------------------------------|------------------------------------|
| Einstakl. 1 | Allt að 399.034 kr./mán | 0 kr./klst. |
| Einstakl. 2 | Á bilinu 399.034 – 598.551 kr./mán | 1.237 kr./klst. (1/3 af kostnaði) |
| Einstakl. 3 | Á bilinu 598.551 – 698.310 kr./mán | 1.856 kr./klst. (½ af kostnaði) |
| Einstakl. 4 | Yfir 698.310 kr./mán | 3.711 kr./klst. fullt gjald |
| Tekjumörk hjóna/para | | |
| Hjón 1 | Allt að 598.551 kr./mán | 0 kr./klst. |
| Hjón 2 | Á bilinu 598.551 – 897.827 kr./mán | 1.237 kr./klst. (1/3 af kostnaði) |
| Hjón 3 | Á bilinu 897.827 – 1.047.464 kr./mán | 1.856 kr./klst. (½ af kostnaði) |
| Hjón 4 | Yfir 1.047.464 kr./mán | 3.711 kr./klst. fullt gjald |

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 25. janúar 2024

F.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar



Ólafur Þór Ólafsson
Starfandi sveitarstjóri